

Gervigreind á Íslandi

Tækifæri, hættur og ákall um tafarlausar aðgerðir

Tæknibyltingar undanfarinna áratuga - netið, snjallsíminn og samfélagsmiðlarnir - hafa gerbreytt samfélagi okkar. Þær blikna þó við hlið gervigreindarbyltingarinnar sem nú er rétt að hefjast. Í henni felast einstök tækifæri en einnig alvarlegar hættur.

**Hvort tveggja kallar á tafarlaus viðbrögð.
Málið þolir ekki hefðbundinn hraða pólitíkur og stjórnsýslu.**

TÆKIFÆRI

1 Stórbætt opinber þjónusta

Gervigreind getur stýtt biðlista, forgangsraðað málum og hraðað afgreiðslu þvert á kerfið.

DÆMI Forflokkun heilbrigðisilvísana, sjálfvirk frumyfirferð hvers kyns umsókna, umsvifalaus afgreiðsla einfaldrá fyrirspurna sem í dag taka vikur.

2 Hröð uppbygging stafrænna innviða

Gervigreind í forritun margfaldar afkastagetu - aukum metnað í stafrænni stjórnsýslu.

DÆMI Verkefni sem áður tóku 12 mánuði má klára á 2-3; gömul kerfi sem standa í vegi fyrir betri þjónustu má nútímavæða á broti af þeim tíma sem áður þurfti. Uppbygging Stafræns Íslands á margföldum hraða.

3 Samkeppnishæfni atvinnulífs

Fræðsla, aðlögun regluverks, fjárfestingargeta og kostir smæðarinnar geta komið Íslandi í fremstu röð í innleiðingu.

DÆMI Lítil og meðalstór fyrirtæki geta keppt við miklu stærri aðila; útflutningsgreinar - sjávarútvegur, ferðaþjónusta, hugverkaiðnaður - sækja fram með nýjum verkfærum; lífeyrissjóðir gætu komið að stórfelldri sókn. Einstakt tækifæri til að auka framleiðni á mann.

HÆTTUR

1 Áhrif á lýðræðið

Mikið magn gervigreindarefnis er þegar í umferð - oft persónuþað og með óljósum uppruna.

DÆMI Gervigreindardrifnar auglýsingaherferðir beinast markvisst að viðkvæmum hópum; kjósendur greiða atkvæði eftir ráðleggingum erlendrar gervigreindar; djúpfalsanir af íslenskum stjórnmálamönnum.

2 Tilfærsla starfa og skattstofna

Veruleg áhrif á vinnumarkað og tekjuhlið ríkisfjármála á næstu árum.

DÆMI Hraðar breytingar í þjónustu-, lögfræði-, bókhalds- og sérfræðistörfum; mun kalla á endurmenntun stórra hópa; vel launað starf sem er lagt niður á Íslandi verður að óskattlögðum útgjöldum til erlendra stórfyrirtækja.

3 Stafrænt fullveldi, gögn og tunga

Lykilþjónusta byggir á erlendum kerfum sem geyma og vinna íslensk gögn utan okkar lögsögu. Takmarkaður stuðningur við íslenskt mál, gildi og menningu.

DÆMI Viðkvæm heilbrigðis- og stjórnsýslugögn unnin erlendis eða tækifærin glatast; íslensk menning og saga lítt aðgengileg í leiðandi lausnum; háð erlendum birgjum sem geta breytt verði eða skilmálum eða lög breytast í þeirra lögsögu án fyrirvara.

TAFARLAUSAR AÐGERÐIR

Það sem þarf að gera - strax

1 Skýra og sameina stjórnsýslulega ábyrgð

Gervigreindarmálum sé fundinn einn staður, þvert á ráðuneyti beint undir forsætis- eða fjármálaráðuneyti, með skipuðum verkefnastjóra og pólitískri ábyrgð.

2 Lög og regluverk innleidd hratt

Löggjöf um notkun gervigreindar - sérstaklega í kosningabaráttu, opinberri þjónustu og við meðferð viðkvæmra upplýsinga - verði sett í forgang.

3 Uppbygging fullveldisinnviða

Örugg gagnavinnsla og gervigreindarlíkön keyrð innan íslenskrar lögsögu til að unnt sé að nýta borðleggjandi tækifæri.

4 Stóraukin fræðsla og valdefling

Frá leikskóla til vinnumarkaðar: gagnrýnið upplýsingalæsi, þjálfun starfsfólks hins opinbera og styrkir til endurmenntunar og umbreytinga á vinnumarkaði. Opin leið aftur í nám fyrir þau sem lenda í stærstu breytingunum.

5 Þverfaglegt gervigreindarráð

Skipað fulltrúum atvinnulífs, háskóla, almennasamtaka og hins opinbera; veiti ráðgjöf, fylgi eftir aðgerðum og varðveiti yfirsýn yfir öra þróun.